

Álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 15. nóvember 2017 gaf kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu M-55/2016.

I

Álitaefni og kröfugerð

Þann 8. júlí 2016 bað X, hér eftir álitsbeiðandi, um álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa á notaðri bifreið af Y, hér eftir seljandi. Álitsbeiðandi segir bifreiðina gallaða og krefst þess aðallega að kaupunum verði rift, en til vara að seljanda verði gert að greiða honum skaðabætur sem nema viðgerðarkostnaði. Í báðum tilvikum er krafist skaðabóta vegna kostnaðar álitsbeiðanda við að sannreyna ágalla á bifreiðinni.

II

Málsmeðferð kærunefndarinnar

Með bréfi, dags. 12. júlí 2016, var seljanda gefinn kostur á andsvörum við álitsbeiðninni og var honum veittur tveggja vikna frestur til að skila þeim. Andsvör seljanda bárust nefndinni þann 25. júlí 2016. Hinn 10. ágúst 2016 voru álitsbeiðanda send andsvörin til upplýsinga og honum bent á heimild til að hafa uppi athugasemdir vegna andsvaranna. Álitsbeiðandi óskaði eftir frekari fresti til að skila athugasemdum sínum sem samþykktur var til 29. ágúst 2016. Athugasemdir álitsbeiðanda bárust nefndinni þann 1. september 2016. Athugasemdir álitsbeiðanda voru sendar til seljanda þann 6. september 2016 og honum bent á heimild til að hafa uppi athugasemdir vegna þeirra innan tveggja vikna. Hann nýtti sér þá heimild og bárust frekari athugasemdir seljanda þann 20. september 2016. Nefndinni bárust ekki frekari athugasemdir. Með bréfi, dags. 11. ágúst 2017, var aðilum tilkynnt að kærunefndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Álitsbeiðandi keypti bifreiðina XX-000, af gerðinni Audi A4, nýskráða árið 2005, af seljanda þann 1. apríl 2016 fyrir 1.100.000 krónur af seljanda fyrir milligöngu Z. Bifreiðin hafði við kaupin verið ekin um 125.000 km. Álitsbeiðandi kveðst hafa skoðað bifreiðina fyrir kaupin með því að aka henni sjálfur ásamt því að hafa leitað til kunningja síns, sem er bifvélavirki, og fengið hann til að skoða bifreiðina. Ekkert athugasvert kom í ljós við þær skoðanir, en álitsbeiðandi tekur fram að hann er ekki sérfróður um bifreiðar.

Mjög fljótlega eftir kaup og afhendingu bifreiðarinnar komu í ljós alvarlegir ágallar á bifreiðinni við akstur að sögn álitsbeiðanda, en bifreiðin hnökraði við skiptingu og við akstur titraði bifreiðin mikið. Álitsbeiðandi hafði án tafar samband við starfsmann Z, og seljanda var í kjölfarið gert viðvart um nefndan ágalla. Urðu aðilar ásáttir um að skoðun yrði framkvæmd af hálfu A og var sú skoðun framkvæmd mánudaginn 4. apríl 2016, þremur dögum eftir kaupin. Í þeirri skoðun kom eftirfarandi í ljós:

„villa til staðar á speed sensor on output shaft. G189 sem er í stjórnboxi. Skipting víbrar að sögn eiganda og getur þessi villa komið vegna þess að fremsta kúpling í skiptingu er að snuða og orsakað villu á G189. Þetta gæti orðið mjög dýr aðgerð.“

Fyrir þessa skoðun greiddi álitsbeiðandi 4.100 krónur. Álitsbeiðandi upplýsti bifreiðasöluna og seljanda um þessa niðurstöðu og aðilar urðu, að sögn álitsbeiðanda, ásáttir um að skoðun yrði einnig framkvæmd á verkstæði B, til að staðreyna gallann enn frekar. Í þeirri skoðun komu enn í ljós verulegir ágallar og samkvæmt þjónustutilboði B munu varahlutir til viðgerða á bifreiðinni kosta alls 802.144 krónur. Mat hefur ekki farið fram á kostnaði vegna vinnu við viðgerðina en ætla má að sú viðgerð muni nema verulegum fjárhæðum og hið minnsta um 300.000 krónur. Álitsbeiðandi greiddi 20.522 krónur fyrir bilanagreiningu B.

Þann 26. apríl 2016 sendi álitsbeiðandi yfirlýsingu um riftun til seljanda en seljandi hafnaði riftun á kaupunum þann 4. maí 2016 og bauð þess í stað fram sáttargreiðslu að fjárhæð 150.000 krónur. Álitsbeiðandi hefur hafnað því tilboði enda sé það hvergi nærri þeirri fjárhæð sem ágalli bifreiðarinnar nemur. Sáttarviðræður milli aðila hafa átt sér stað allt frá því álitsbeiðandi varð áskynja um galla bifreiðarinnar en þær hafa ekki borið árangur. Er því leitað úrlausnar kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa.

Álitsbeiðandi krefst þess aðallega að kaupunum verði rift þar sem bifreiðin hafi verið haldin galla við kaupin samkvæmt lögum um lausafjárkaup nr. 50/2000 og lögum um neytendakaup nr. 48/2003. Telur álitsbeiðandi að hann hafi sinnt skoðunarskyldu sinni í samræmi við almennar reglur þar um, bæði með eigin akstri og með því að láta aðila meta ástand ökutækisins. Þá bendir álitsbeiðandi á að hann sé ekki sérfróður um bifreiðar og ágalli bifreiðarinnar sé þess eðlis að hann hefði ekki komið í ljós við álestur hefðbundinnar ástandsskoðunar. Hins vegar geti gallinn ekki dulist nokkrum þeim sem ekur bifreiðinni um lengri tíma svo vélin nái að hitna. Telur álitsbeiðandi því að seljandi hafi vitað eða mátt vita um hinn alvarlega ágalla.

Óháð því hvort seljandi hafi vitað um gallann þá telur álitsbeiðandi annmarka bifreiðarinnar svo verulega að um galla sé að ræða í skilningi a-liðar 1. mgr. 17. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup og c-liðar 1. mgr. 19. gr. laga nr. 50/2000 um lausafjárkaup, þar sem ástand bifreiðarinnar hafi verið mun verra en kaupandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og önnur atvik. Álitsbeiðandi bendir á að uppsett verð bifreiðarinnar var 1.280.000 krónur en aðilar sættust á um kaupverð að fjárhæð 1.100.000 krónur. Slíkt verð er sambærilegt og verð á öðrum bifreiðum sömu tegundar sem eru í ásættanlegu standi líkt og sjá má af söluauglýsingum sambærilegra bifreiða sem finna má í fylgiskjölum með álitsbeiðni. Verð á varahlutum vegna gallans er 802.144 krónur samkvæmt mati Heklu og við það bætist kostnaður vegna vinnu við bifreiðina. Er því um verulegan ágalla að ræða sem réttlætir riftun að mati álitsbeiðanda.

Varakrafa álitsbeiðanda er um skaðabætur frá seljanda sem nema viðgerðarkostnaði en að mati Heklu verður kostnaður vegna varahluta og vinnu samtals 1.102.144 krónur.

Í báðum tilvikum krefst álitsbeiðandi greiðslu á kostnaði við að sannreyna ágalla bifreiðarinnar, samtals 24.622 krónur.

IV

Andsvör seljanda

Í andsvörum seljanda krefst hann þess aðallega að málinu verði vísað frá þar sem lögmaður álitsbeiðanda hafi ekki lagt fram umboð til að fara með málið fyrir hans hönd. Til vara krefst seljandi þess að öllum kröfum álitsbeiðanda verði hafnað. Bendir seljandi á að bifreiðin hafi verið seld í núverandi ástandi og álitsbeiðandi hafi staðfest að hann hafi kynnt sér og sætt sig við ástand bifreiðarinnar.

Seljandi byggir á því að álitsbeiðandi hafi ekki uppfyllt skoðunarskyldu sína samkvæmt 20. gr. laga nr. 50/2000 um lausafjárkaup. Álitsbeiðandi sjálfur, sem segist ekki fróður um bifreiðar, hafi ekið henni og segist hafa látið bifvélavirkja skoða bifreiðina sem seljandi telur þó ekki sannað í málinu. Álitsbeiðandi fór ekki með bifreiðina í sölu- eða ástandsskoðun líkt og eðlilegt er við kaup á bifreiðum sem honum hafi verið í lófa lagið að gera. Segir seljandi að

álitsbeiðandi eigi að bera hallann af því, enda sé almenn vitneskja að nauðsynlegt er að fá ástandsskoðun á notaða bifreið áður en hún er keypt. Gallinn hefði að mati seljanda komið fram í hefðbundinni skoðun, enda kom villumelding fram eftir einfaldan lestur á tölvu bifreiðarinnar eftir að kaupin fóru fram.

Seljandi tekur fram að hann hafi ekki vitað um galla á bifreiðinni fyrir eða við undirritun kaupsamnings og hann hafi ekki leynt upplýsingum um bifreiðina fyrir álitsbeiðanda. Telur seljandi með öllu ósannað að bifreiðin hafi verið gölluð við sölu og ekkert bendi til þess að svo hafi verið. Þá bendir seljandi á að álitsbeiðandi hafi borið ábyrgð á bifreiðinni þegar gallinn kom fram samkvæmt 1. mgr. 13. gr. laga um lausafjárkaup nr. 50/2000 og því beri álitsbeiðandi ábyrgð á viðgerðarkostnaði.

Seljandi hafnar því að aðilar hafi orðið ásáttir um að álitsbeiðandi færi með bifreiðina í skoðun, það hafi alfarið verið ákvörðun álitsbeiðanda og allar aðrar skoðanir eftir kaup einnig. Seljandi krefst þess að kröfum álitsbeiðanda um greiðslu kostnaðar við að sannreyna galla verði hafnað. Sá kostnaður er kominn til vegna skoðunar sem álitsbeiðandi hefði átt að framkvæma áður en hann keypti bifreiðina og bar ábyrgð á að færi fram. Þá tekur seljandi fram að hann telji að lög um neytendakaup nr. 48/2003 eigi ekki við í málinu enda séu bæði álitsbeiðandi og seljandi neytendur.

V

Athugasemdir álitsbeiðanda við andsvör seljanda

Í athugasemdum álitsbeiðanda vegna andsvara seljanda er því harðlega mótmælt að um umboðsskort sé að ræða. Þá er mótmælt öllum sjónarmiðum sem seljandi hefur sett fram til stuðnings þess að kröfum álitsbeiðanda skuli vera hafnað. Álitsbeiðandi lét kunningja sinn hjá C. bílaverkstæði skoða bifreiðina fyrir kaup þar sem hún var lesin. Meðfylgjandi athugasemdum álitsbeiðanda er staðfesting þess efnis frá verkstæðinu þar sem fram kemur að ekkert athugasvert hafi komið í ljós. Auk þess komi slíkur galli ekki fram í söluskoðun og er skorað á kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa að óska eftir áliti sérfræðings vegna þessa. Þá er því mótmælt að gallinn hafi komið fram eftir að áhætta af bifreiðinni fluttist til álitsbeiðanda, en gallinn kom í ljós mjög stuttu eftir kaupin um leið og vélin náði að hitna í lengri akstri, sem hún nái ekki í reynsluakstri fyrir kaup. Bifreiðin var keypt á föstudegi þann 1. apríl og strax á mánudeginum 4. apríl fór bifreiðin í skoðun hjá A.

VI

Frekari athugasemdir seljanda

Í frekari athugasemdum seljanda bendir hann á að samkvæmt gögnum frá álitsbeiðanda hafi ekkert komið fram í lestri á bifreiðinni þann 1. apríl en síðan nokkrum dögum eftir að bifreiðin var keypt hafi villa komið fram við samskonar lestur. Þá segir seljandi að álitsbeiðandi hafi fundið heilan gírkassa/vél í bifreiðina á netinu á 150.000 krónur ásamt því að finna hana til sölu hér á landi á 420.000 krónur samkvæmt tölvupósti frá lögfræðingi álitsbeiðanda. Telur seljandi því óraunhæft að ætlast til þess að hann taki þátt í kostnaði sem nemur kaupverði bifreiðarinnar og að kaupa nýja hluti í gamla bifreið.

VII

Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Viðskipti aðila falla undir lög nr. 48/2003 um neytendakaup, sbr. 2. mgr. 1. gr. laganna., enda hefur umboðsmaður seljanda atvinnu sína af sölu bifreiða.

Líkt og að framan er rakið keypti álitsbeiðandi bifreiðina XX-000, af gerðinni Audi A4, þann 1. apríl 2016 fyrir 1.100.000 krónur. Bifreiðin var nýskráð árið 2005 og var því rúmlega 11 ára á kaupdegi og við kaupin hafði hún verið ekin 125.000 km. Álitsbeiðandi telur að bifreiðin hafi verið haldin galla við kaupin, en mjög skömmu eftir kaupin varð álitsbeiðandi var við það að bifreiðin hnökraði við skiptingu og titraði mikið við akstur. Bilun á bifreiðinni var staðfest þremur dögum eftir kaupin.

Álitsbeiðandi krefst þess aðallega að kaupunum verði rift en til vara að honum verði greiddar skaðabætur sem nema viðgerðarkostnaði. Í báðum tilvikum er þess krafist að seljandi greiði þann kostnað sem álitsbeiðandi varð fyrir við að staðreyna galla bifreiðarinnar. Seljandi hafnar bótaskyldu á þeim grundvelli að álitsbeiðandi hafi vanrækt skoðunarskyldu sína auk þess sem ekki liggja fyrir að bifreiðin hafi verið haldin galla við kaupin.

Í kaupsamningi og afsali fyrir bifreiðinni, dags. 1. apríl 2016, segir sérstaklega um ástand ökutækisins: „Kaupandi hefur kannað ástand bifreiðar og hefur sætt sig við að fullu“. Þá má einnig finna staðlaðan texta í kaupsamningnum sem segir m.a. eftirfarandi: „Ökutækið selst í núverandi ástandi sem kaupandi hefur kynnt sér og sætt sig við, en seljandi kann að vera ábyrgur gagnvart kaupanda vegna galla samkvæmt almennum reglum. [...] Kaupandi er hvattur til að kynna sér verð á sambærilegum ökutækjum fyrir undirritun kaupsamnings!“

Kærunefndin álitur að um kaupin gildi 16. og 17. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup (nkpl.) en í 1. mgr. 17. gr. kemur fram að þótt söluhlutur sé seldur „í því ástandi sem hann er“ eða með öðrum áþekktum almennum fyrirvara teljist hann gallaður þegar:

- „a. ástand söluhlutar er verra en neytandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti;
- b. fyrir liggja atvik sem lýst er í b- eða c-lið 1. mgr. 16. gr.“

Í b- og c- lið 16. gr. segir að söluhlutur sé gallaður ef:

- „b. seljandi hefur við kaupin vanrækt að gefa upplýsingar um atriði varðandi hlutinn eða not hans sem seljandi hlaut að þekkja til og neytandi mátti ætla að hann fengi upplýsingar um, enda megi ætla að vanrækslan hafi haft áhrif á kaupin;
- c. hann svarar ekki til þeirra upplýsinga sem seljandi hefur við markaðssetningu eða á annan hátt gefið um hlutinn, eiginleika hans eða notkun nema seljandi sýni fram á að réttar upplýsingar hafi verið gefnar neytanda við kaupin eða að upplýsingarnar hafi ekki haft áhrif á kaupin;“

Í athugasemdum í frumvarpi til nkpl. við b-lið 1. mgr. 16. gr., segir:

„Í raun felst í ákvæðinu skylda seljanda til að gefa upplýsingar um alla galla eða óheppilega eiginleika söluhlutar sem máli skipta [...]. Um er að ræða lágmarksreglu, sem ekki er unnt að víkja til hliðar með almennri tilvísun eins og þeirri að hlutur sé „seldur í því ástandi sem hann er“. Nær upplýsingaskylda seljanda ekki aðeins til atvika sem hann þekkir heldur líka til atvika sem ekki er afsakanlegt að seljandinn viti ekki um. Láti seljandinn hjá líða að upplýsa um slík atvik eru afleiðingarnar eftir atvikum þær að söluhlutur telst gallaður.“

Í 3. mgr. 16. gr. nkpl. kemur síðan fram að neytandi geti ekki borið neitt það fyrir sig sem galla sem hann vissi eða mátti vita um þegar kaupin voru gerð.

Í framangreindum ákvæðum er annarsvegar kveðið á um upplýsingaskyldu seljanda og aðgæsluskyldu kaupanda, auk þess sem í a- lið 1. mgr. 17. gr. er kveðið á um að söluhlutur sé gallaður þegar ástand hans er mun verra en kaupandi hafði ástæðu til að ætla miðað við

kaupverð og atvik að öðru leyti. Söluhlutur telst þó ekki gallaður nema gallinn sé „hvorki sök neytanda né stafar af aðstæðum sem hann varða“ líkt og fram kemur í 1. mgr. 26. gr. nkpl.

Í málinu liggur fyrir að bifreiðin er biluð en aðila greinir á um það hver þeirra beri ábyrgð á kostnaði við viðgerð vegna bilunarinnar. Kærunefndin telur sannað í málinu að bifreiðin hafi bilað innan þriggja daga frá því að álitsbeiðandi fékk hana afhenta. Af upplýsingum frá álitsbeiðanda og gögnum málsins er ekki ljóst hvað felst í biluninni en sú tilgáta barst frá sérfróðum aðila að villa við lestur á bifreiðinni geti stafað af því að fremsta kúpling í skiptingu sé að snuða og orsaki villu.

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa álítur að ekki sé unnt að fallast á það að seljandi hafi vanrækt að gefa upplýsingar um bifreiðina sem hann hafi þekkt til eða hlaut að þekkja til, sbr. b-liður 16. gr. nkpl. Í því sambandi ber að líta til þess að óvíst er að seljandi hafi haft vitneskju um umrædda annmarka þegar kaupin fóru fram og verður ekki litið svo á að galli hafi verið til staðar á þeim grundvelli. Telur nefndin jafnframt ekki hægt að líta svo á að bifreiðin svari ekki til upplýsinga sem seljandi hafi gefið um hana samkvæmt c-lið 16. gr. nkpl. Stendur þá aðeins eftir mat á því hvort ástand bifreiðarinnar hafi verið til muna verra en álitsbeiðandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti, sbr. a-liður 1. mgr. 17. gr. nkpl.

Kærunefndin hefur leitað álits sérfræðings til aðstoðar við úrlausn máls þessa samkvæmt heimild í 2. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Í áliti sérfræðingsins kemur fram að bilun bifreiðarinnar megi að öllum líkindum rekja til slits sem komin er í stjórnun á vinnuþrýstingi sjálfskiptingarinnar en það slit sé í ventlaboxi. Slík bilun eigi sér aðdraganda, hún komi smám saman í ljós og eykst eftir því sem líður á. Niðurstaða sérfræðings var því sú að sjálfsskipting bifreiðarinnar hafi verið haldin galla við kaupin. Þá bendir hann á að taka beri tillit til þess að kaupverð bifreiðarinnar hafi verið hátt og sér í lagi miðað við ástand hennar.

Bifreiðin bilaði mjög skömmu eftir kaupin og var staðfest af verkstæði þremur dögum eftir afhendingu bifreiðarinnar. Álítur kærunefndin samkvæmt framangreindu að bifreiðin hafi verið haldin galla við kaupin, sbr. a-liður 1. mgr. 17. gr. nkpl. Seljandi hefur borið því við að álitsbeiðandi hafi vanrækt skoðunarskyldu sína við kaupin og því teljist bifreiðin ekki haldin galla, enda hafi álitsbeiðandi mátt vita um annmarka bifreiðarinnar sem komið hefðu í ljós við ástandsskoðun. Nefndin telur ekki sannað að kunningi álitsbeiðanda hafi skoðað bifreiðina fyrir kaupin þó ekki sé unnt að hafna þeirri fullyrðingu heldur.

Fallist er á það með seljanda að álitsbeiðandi hafi ekki uppfyllt skoðunarskyldu sína að öllu leyti með því að hafa ekki látið óháðan aðila skoða bifreiðina áður en kaupin fóru fram líkt og æskilegt er. Það hefði mögulega leitt í ljós raunverulegt ástand bifreiðarinnar þó ekki sé hægt að slá því föstu að gallinn hefði uppgötvast. Í málinu bendir hins vegar ekkert til þess að álitsbeiðandi hafi vitað eða mátt vita að galli væri á bifreiðinni. Verður að fallast á það með álitsbeiðanda að enginn geri ráð fyrir því að ráðast þurfi í viðgerðir nokkrum dögum eftir kaup á bifreið sem hlaupi hátt á verð bifreiðarinnar. Það hvílir skoðunarskylda á kaupanda bifreiðar, en umræddir gallar voru ekki þess eðlis að álitsbeiðandi hafi sjálfur mátt sjá þá við skoðun fyrir kaupin jafnvel þótt skoðunin væri ítarleg. Þá eru gallar bifreiðarinnar svo verulegir að aðgæsluskortur álitsbeiðanda kemur ekki í veg fyrir að hann geti gripið til vanefndarúrræða vegna gallans.

Í 26. gr. nkpl. segir að ef söluhlutur reynist gallaður og gallinn er hvorki sök kaupanda né stafi af aðstæðum sem hann varða geti hann, samkvæmt ákvæðum 29. – 33. gr. nkpl. krafist úrbóta, nýrrar afhendingar, afsláttar, riftunar og skaðabóta ásamt því að halda eftir greiðslu kaupverðs samkvæmt 28. gr. Nefndin telur að álitsbeiðandi geti ekki krafist riftunar miðað við allar aðstæður og þann tíma sem liðinn er frá kaupunum en álitsbeiðandi geti hins vegar krafist skaðabóta fyrir fjárhagslegt tjón sitt vegna viðgerðar á þeim galla sem bifreiðin var haldin við sölu samkvæmt 33. gr. nkpl.

Ber seljanda að greiða álitsbeiðanda 24.622 krónur vegna kostnaðar við staðfestingu á galla bifreiðarinnar. Þá ber seljanda að greiða álitsbeiðanda kostnað vegna viðgerðar á bifreiðinni samkvæmt fyrirbyggjandi reikningi.

Við framkvæmd viðgerðarinnar verður hins vegar að líta til þess að um 12 ára gamla bifreið er að ræða og þarf því að halda kostnaði eins lágum og mögulegt er. Í því skyni væri unnt að festa kaup á notuðum varahlutum líkt og seljandi hefur bent á við meðferð málsins fyrir kærunefndinni og þannig haldið kostnaði niðri.

Umtalsverður dráttur hefur orðið á afgreiðslu máls þessa fyrir nefndinni. Meginástæða dráttarins er sú að á tímabilinu 6. júlí til 19. október 2016 var kærunefndin óstarfhæf sökum þess að skipun nefndarmanna hafði ekki verið endurnýjuð. Þeir einstaklingar sem áður höfðu haft skipun til starfa í nefndinni voru því umboðslausir og höfðu ekki heimild til að sinna nefndarstörfum. Þá var engin nefnd starfandi fyrstu fjóra mánuði ársins 2017.

VII

Álitsorð

Seljandi, Y, greiði álitsbeiðanda 24.622 krónur.

Seljandi greiði álitsbeiðanda einnig kostnað vegna viðgerðar á bifreiðinni samkvæmt fyrirbyggjandi reikningi.

Áslaug Árnadóttir
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Hrannar Már Gunnarsson